

Sauðfjársæðingar

Það er tvennt sem skiptir mestu máli til þess að ná góðum árangri þegar ær eru sæddar.

Kyrrð og ró

Ró, það er afar mikilvægt að það sé ró í húsunum þegar verið er að sæða og það er mikilvægt að ærnar sem á að sæða hafi veður af hrútunum.

Tímasetning

Réttur sæðingatími. Ærnar hafa egglos 24 til 36 klst eftir að þær byrja að ganga. Eggið lifir í 10 klst og sæðið lifir í 12 til 18 klst. í ánni. Rannsóknir sýna að best sé að það líði 16 til 24 klst. frá því að leitað er að blæsmum þangað til sætt er. Þá má reikna með að sætt sé þegar liðnar eru 20 til 36 klst á beiðslið.

Hvernig best að ná góðum árangri í sæðingum?

Ekki sæða gamalblæsmur

Um kl. 10 daginn áður en á að sæða er farið með hrút til að finna blæsmur. Blæsma ær eru teknar til hliðar og þær á ekki að sæða vegna þess að þegar kemur að sæðingum daginn eftir verður of seint að sæða þær, en sumar þeirra gætu verið blæsma þegar leitað verður næst.

Réttur sæðingatími

Ef gert er ráð fyrir því að sæða fyrri hluta dags, fyrir kl. 15:00 er rétt að leita að blæsmum kvöldið áður en á að sæða. Ef þannig háttar til næstu daga að sætt er á sama tíma er alltaf leitað á svipuðum tíma á kvöldin.

Ef gert er ráð fyrir að sæða síðdegis eða eftir kl. 15:00 er rétt að leita að blæsmum snemma dagsins sem á að sæða, fyrir kl. 8:00.

Vegna þess að sæðið lifir betur í kælibrúsanum en í ánni eftir sæðingu er rétt að bíða með að sæða ef ekki eru liðnar 16 klst frá því að leitað var að blæsmum í fénu.

Meðferð á sæðinu

Sæðið er kælt hægt niður í 5°C, síðasta kælingin er kl 13:00. Best er að kæla með því að setja ísmola í vatnið í hitabrúsanum. Ef sæðið kemur í hendurnar á sæðingamanninum eftir kl 13:00 þarf að byrja á því að athuga hitastigið og lækka það niður í 5°C. Þó þarf ekki að kæla það ef það á að nota það strax. Það er allt í lagi með sæðið þó að það sé 10°C heitt langt fram eftir degi.

Þurrkið af stráinu

Þó að sæðisstráin séu í glasi í kælibrúsanum eru þau oft rök að utan þegar þau eru tekin upp, þess vegna er mikilvægt að þurrka af þeim með pappír áður en tappinn er klipptur af. Tappinn sem á að klippa af snýr alltaf upp í glasinu.

Hitið sæðingatækið, varist kuldásjokk

Nuddið sæðingatækið til þess að hita það áður en sæðisstráið er látið í það. Gætið þess að sæðið

verði ekki fyrir snöggri kælingu eftir að það er komið í sæðingataekið. Sæðið hitnar eitthvað í hvert skipti sem sæðingataekinu er stungið inn í skeið ærinnar.

Hafið ærnar tilbúnar í námunda við hrútana

Blæsmurnar leita eftir því að vera nærri hrútunum, hafið allar ærnar sem á að sæða tiltækar á einfaldan hátt og þær 5 ær sem á að sæða með næsta strái tilbúnar. Mikilvægt er að það sé ró yfir ánum. Hormónaflæðið er best ef ærnar vita af hrút í nálægð, t.d. í stíu hinum megin við garðann.

Sæðingin, róleg fumlaus handtök og skipulögð vinnubrögð

Best er að hægt sé að ganga rólega að ánum sem á að sæða, ær með skitu á ekki að sæða.

Mikilvægt er að búið sé að kvarða stimpilinn í sæðingapípunni fyrir 5 jafn stóra skammta. Gott er að nota klemmu, rafmagns eða tau til að stilla af hvern skammt.

Dindlinum er ýtt til hliðar og sæðingapípan er færð inn í skeiðina örlítið upp á við til að byrja með og svo lárétt að lokum og sæðinu dælt þar sem pípan stöðvast.

Gott er að þrýsta ofan á lendina um leið og sæðinu hefur verið dælt.

Næsta ær á að vera tiltæk strax svo sæðingataekið kólni ekki.

Samstillingar og sæðingar

Samstilling með hrútaáhrifum

Láta ærnar ekki komast í tæri við hrútana framan af nóvember.

Farið með hrúta í gegnum hópinn. Reikna má með mörgum blæsmum eftir 19 til 23 daga.

Samstilling með svömpum, gefur mun lægra fanghlutfall en sæðing á ósamstilltum gangmálum

Dýralæknar setja svampana í. Klippið af spottanum sem hangir út úr skeiðinni. Svamparnir teknir úr eftir 14 daga. Sæðing eftir 55 til 60 klst. Betra að leita að blæsmum og sæða 16 til 24 klst. eftir að beiðsli sást.

Sæðingar á öðru gangmáli eftir samstillt gangmál, gefur mjög góðan árangur

Byrja að leita að blæsmum 17 dögum eftir svampaúrtöku. Sæðingar eftir 18 til 20 daga.

Skráð sæðingarnar sem fyrst

Mikilvægt er að ganga frá skráningum sem allra fyrst eftir sæðingu. Þeir sem ekki skrá sæðingar sjálfir í fjarvis.is ættu að nota sæðingadagbækur sem hægt er fá hjá sauðfjársæðngastöðvunum. Fyrir þá sem skrá sjálfir getur verið gott að nota fjárbækurnar, litlir minnismiðar vilja týnast, lenda í vasanum, gleymast og enda í þvottavélinni. Skráið daglega í fjarvis.is eða sendið dagbækurnar til skráningar strax að loknum sæðingum á búinu.

Gangi ykkur vel!